

## Skýrsla landsliðsnefndar fyrir árið 2007



Nefndina í dag skipa: Bjarnleifur Bjarnleifsson, Sigurður Sæmundsson, Sigurbjörn Bárðarson, Jón Olsen, Sigurður Ragnarsson, Árni Guðmundsson, Óskar Eyjólfsson en fremur hefur setið fundi nefndarinnar Maríanna Gunnarsdóttir gjaldkeri LH.

Haldnir hafa verið fjölmargir fundir auk margar annara óformlegra funda frá síðustu skýrslu. Helstu verkefni nefndarinnar á árinum 2007 var heimsmeistaramótið í Hollandi dagana 5. til 12. Ágúst 2007. Úrtakan fyrir heimsmeistaramótið var haldin á félagsvæði Fáks í Reykjavík voru þeir gestgjafar okkar að þessu sinni og fór hún fram með miklum ágætum, viljum við þakka Fáksfélögum góðar móttökur. Nefndin var með mörg járn í eldinum til fjárlunar. Mörg fyrirtæki hafa sýnt starfi okkar áhuga og hafa náðst sammningar til nokkra ára í senn. Styrkir stofnana og ráðuneyta voru vel þegnir, auk allra þeirra sem lögðu hönd á plóginn með okkur. Má segja að árangurinn hafi verið góður og mikill velvilji fyrir verkefninu enda kostnaður orðinn verulegur og nauðsynlegt að jákvæð ímynd skapist um landsliðið okkar. Samið var við sjónvarpið um daglega umfjöllun af mótinu auk þess að sjónvarpað var beint frá úrslitadeginum vakti þetta framtak mjög góð viðbrögð áhugamanna íslenska hestins sem gátu séð góða hesta og árangur sem hefur aldrei verið jafn góður og að þessu sinni. Á heimsmeistaramótið í Hollandi voru sendir 17 knapar þar af voru 5 knapar sem sýndu 6 kynbótahross og 13 knapar kepptu í þróttakeppninni en þar af voru 3 ungmenni. Einnig tóku þátt 3 heimsmeistarar frá síðasta HM en þeir eiga rétt á að verja titil sinn. Þetta er fjölmennasta lið sem sent hefur verið hingað til.



## Árangur íslenska landsliðsins á HM 2007

### Sport:

6 gull  
3 silfur  
1 brons

### Kynbótahestar:

5 gull  
1 silfur

### Ungmenni

**Camilla Petra Sigurðardóttir** á Sporði frá Höskuldsstöðum.

25. sæti í tölti og 27. sæti fjórgangi.

**Katla Gísladóttir** á Órator frá Grafarkoti. .

13. sæti í tölti

**Valdimar Bergstað** á Vatnari frá Vatnsholti.

14. sæti í fjórgangi

### Fullorðnir

**Anna Valdimarsdóttir** á Fönix frá Klosterbach.

4. sæti í fimmgangi.

**Bergþór Eggertsson á Lótus frá Aldenghoor.**

Gull í 250m skeiði, Gull í 100m skeiði

**Eyjólfur Þorsteinsson á Háreki frá Vindási.**

2. sæti í slaktaumatölti.

**Olil Amble á Svaka frá Holtsmúla.**

4. sæti í fjórgangi og 11. sæti í tölti, 7. sæti samanl. gang

**Rúna Einarsdóttir Zingsheim á Frey frá Nordsternhof.**

5. sæti í fimmgangi, 3. sæti í slaktaumatölti, 15. sæti í gæðingaskeiði, 2. sæti í samalögðum fimmgangsgreinum

**Sigursteinn Sumarliðason á Kolbeini frá Þróoddsstöðum.**

Silfur í 250m skeiði, 100m skeiði

**Þórarinn Eymundsson á Krafti frá Bringu.** .

Gull í fimmgangi, 2. sæti í tölti, 11. sæti í gæðingaskeiði, Samanlagður sigurvegari í fimmgangsgreinum - Gull

## Heimsmeistarar frá 2005:

**Jóhann Skúlason á Hvin frá Holtsmúla.**

5. sæti í tölti, samanlagður sigurvegari í fjórgangsgreinum - Gull

**Sigurður Sigurðarson á Flugar frá Holtsmúla**

5. sæti í 100m skeiði

**Styrmir Árnason á Hrana frá Schlossberg.**

13. sæti í fimmgangi, 8. sæti í gæðingaskeiði, 100m skeiði og 250m skeiði.

## Kynbótahestar:

**Stóðhestar 5 vетra: Fránn frá Vestri-Leirárgörðum,**

**Knapi: Erlingur Erlingsson.**

GULL

**Hryssur 5 vетра:: Finna frá Feti**

**Knapi: Ævar Örn Guðjónsson.**

GULL

**Stóðhestar 6 vетра: Dalvar frá Auðholtshjáleigu**

**Knapi: Erlingur Erlingsson.**

GULL

**Hryssur 6 vетра: Ísól frá Keldudal**

**Knapi: Sigrús Sigfússon.**

SILFUR

**Stóðhestar 7 vетра: Garri frá Reykjavík**

**Knapi: Jóhann Skúlason.**

GULL

**Hryssur 7 vетра: Urður frá Gunnarsholti**

**Knapi: Þórður Þorgeirsson**

GULL



Liðstjórinn Sigurður Sæmundsson ásamt aðstoðarmönnum sínum þeim Einari Öder og Hafliða Halldórssyni eiga heiður skilinn fyrir góða skipulagningu þjálfunar og framkomu liðsins enn að þessu sinni fékk liðstjóri og hans aðstoðarmenn ásamt liðinu í heild sinni þakkar fyrir gott samstarf við alla þá sem að mótinu komu og við höfðu samskipti. Árangur liðssins var sá besti sem náðst hefur til þessa og má það þakka ekki síst umgjörð liðsins, liðstjóra aðstoðarmönnum hans frábærum knöpum sem sem studdu hverjur aðra til dáða þannig verður til liðsheild. Skrifstofu LH þakka ég einnig gott starf í þágu nefndarinar auk stjórnar LH.

Verkefni landsliðsnefndar eru og verða ávalt mikil og þess vegna er mikilvægt að um starfið sé sátt og allir sammála um að auka sýnileika okkar í starfi á sem flestu sviðum. Næstu verkefni nefndarinnar eru norðurlanda móti í Noregi 2008 og heimsmeistara móti í Sviss 2009 og er þegar hafin vinna við þessi móti.

Bjarnleifur Bjarnleifsson formaður